

Alþingi
Erindi nr. P 137/646

komudagur 24.7.2009

Kírópraktorafélag Íslands

Sogavegi 69, 108 Reykjavík, sími: 588-8085.

Heilbrigðisráðuneytið
Vegmúla 3
108 Reykjavík.

Reykjavík, 18.01.2009.
Tilvísun: HBR08120004/03.02

Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

II. Kaffi Löggiltar heilbrigðisstéttir 3.gr.


Orðið hnykkir er hér notað sem stéttarheiti fyrir kírópraktora. Orðið hnykkur er almennt notað yfir áverka tengda slysum, svo sem háls-hnykk. Þannig hefur það almennt neikvæða skírskotun í hugum fólks. Að auki greinir orðið ekki kírópraktora frá öðrum stéttum sem nota “manual therapy/adjustments” sem hluta af sinni meðferð.

Það er eindreginn vilji félagsmanna að stéttin verði kennd við orðið kírópraktík. Eðlilegt hlýtur að teljast að stéttin skilgreini sig sjálf. Kírópraktík er viðurkennt alþjóðlegt heiti á stéttinni og er sambærilegt við nafn stéttar osteópata sem nefndir eru svo í þeirra reglugerð. Jafnframt förum við fram á að þeir sem tilskylda menntun hafi verði kallaðir kírópraktorar, ekki hnykkjar.

Vísað er til fylgiskjala draga til frumvarps til laga um heilbrigðisstarfsmenn, í upptalningu á heilbrigðisstéttum sem löggiltar eru með sérstökum reglugerðum. Þar eru “hnykkjar” í 12. grein. Þar er eftirfarandi setning: “Ekki má hnykkir taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.” Við förum fram á að þessi setning verði einfaldlega fjarlægð úr reglugerðinni. Hún er algjörlega á skjön við lög og reglugerðir í nágrenni löndum þeim sem við berum okkur helst saman við, svo sem í Noregi, Danmörku og Englandi. Staðreyndin er sú að menntun kírópraktora uppfyllir kröfur þær sem gerðar eru til þeirra sem veita frumstigsheilsugæslu.

Aftur er vísað til sömu 12. greinar. Þar stendur: “Með hnykkingum er átt við meðferð á stoðkerfi líkamans.” Við förum fram á að þessu verði breytt og að í staðinn standi “Með meðhöndlun kírópraktors er átt við meðferð á tauga og stoðkerfi líkamans.” Þetta er nákvæmara og betur í samræmi við almennt viðurkennda alþjóðlega útskýringu á meðferðinni sem er “neuro-musculoskeletal.”

Virðingarfyllst,


f.h. Kírópraktorafélags Íslands
Egill Þorsteinsson, ritari.

Fylgiskjöl:

Greinargerð frá kírópraktorafélögum Noregs, Danmerkur og Englands um lagalega stöðu kírópraktora í þessum löndum.